

Viðauki C

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum eftir gildistöku samþykka Festu lífeyrissjóðs hinn 29. desember 2006, samþykktar á ársfundum sjóðsins, skv. greinum 7.3. og 7.4. í samþykktunum og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. 26. apríl 2007; samþykkt á ársfundi 4% hækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2006 og fyrr. Hækkunin færð sem skuldbinding í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2006 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með janúarmánuði 2007, sbr. gr. 10.4. í samþykktunum.
2. 19. maí 2009; samþykkt á ársfundi 2,5% lækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2008 og fyrr. Fært sem lækkun skuldbindingar í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2008 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með næsta mánuði frá ársfundi, sbr. gr. 10.4. í samþykktunum.
3. 19. maí 2009; samþykkt á ársfundi 2,5% lækkun réttindatöflu sjóðsins (Tafla I í Viðauka A við samþykktir sjóðsins), þrátt fyrir ákvæði gr. 10.1 í samþykktum hans um útreikning á réttindatöflu. Breytingin öðlast gildi 1. júlí 2009 að fengnu samþykki Fjármálaráðuneytisins.
4. 20. apríl 2010; samþykkt á ársfundi 5% lækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2009 og fyrr. Fært sem lækkun skuldbindingar í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2009 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með næsta mánuði eftir að staðfesting Fjármálaráðuneytis þ.a.l. liggur fyrir.
5. 28. apríl 2011; samþykkt á ársfundi 3,6% lækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2010 og fyrr. Fært sem lækkun skuldbindingar í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2010 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með næsta mánuði eftir að staðfesting Fjármálaráðuneytis þ.a.l. liggur fyrir.